



Heilbrigðisnefnd
b.t. Þuríðar Backman, formanns
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 15. mars 2011
2011020175/0.3.0/GG/gg

Efni: Bréf þriggja trúnaðarmanna á Landlæknisembættinu til heilbrigðisnefndar

Vegna ofangreinds bréfs, dagsett þ. 4. mars 2011 (rafræn afrit send til ráðherra og ráðuneytisstjóra Velferðarráðuneytisins, forstjóra Lýðheilsustöðvar, landlæknis og forsvarsmanna fagfélaga trúnaðarmannanna) vill undirritaður taka eftirfarandi fram.

1. *Gagnrýnt er að farirð sé að vinna eftir lagafrumvarpi sem enn hefur ekki tekið gildi sem lög frá Alþingi og þá sérstaklega átt við tilnefningar í stöður sviðsstjóra.*

Í mars 2010 skipaði heilbrigðisráðherra undirbúningshóp fyrir sameiningu á Landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007 um landlækni og brottfall laga um Lýðheilsustöð var síðan afgreitt frá ríkisstjórninni á fundi hennar þ. 29. október 2010 og stefnt að því að lögín tækju gildi þ. 1. janúar 2011.

Vegna þessarar stefnumörkunar stjórnvalda hafa starfsmenn unnið að undirbúningi velheppnaðrar sameiningar allt frá því í mars 2010. Í kjölfar sviðsmynda- og stefnumótunarvinnu með hagsmunaaðilum og starfsmönnum voru settar fram hugmyndir að nýju skipuriti og drög að starfslýsingum sviðsstjóra. Öllum starfsmönnum var því kunnugt um meginviðfangsefni hvers sviðs í sameinaðri stofnun. Þann 21. desember 2010 voru starfsmönnum kynntar tilnefningar í stöður sviðsstjóra. Þar sem afgreiðslu frumvarpsins var frestað fram yfir áramót hafa þeir ekki hafið störf, enda ekki fengið ráðningarsamning sem sviðsstjórar í nýrri stofnun. Aftur á móti hafa þeir tekið þátt í vinnuhópi um frekari stefnumótun sviða á nokkrum fundum. Hver stofnun fyrir sig, þ.e. embætti landlæknis og Lýðheilsustöð, starfa því áfram eins og verið hefur án afskipta af störfum hinnar stofnunarinnar.

2. *Í bréfi sínu fagna trúnaðarmennirnir því að gert hefur verið ráð fyrir því að starfsmenn haldi störfum sínum. Leggja þeir til að stöður yfirmanna hjá hinn nýju stofnun verði auglýstar, a.m.k. innan stofnananna.*

Í 10. gr. fyrirbyggjandi lagafrumvarps um Landlækni-lýðheilsu er gert ráð fyrir því að öll störf hjá Landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð verði lögð niður og að starfsmönnum skuli boðið starf við nýja stofnun. Því er ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 fellt úr gildi við ráðstöfun starfa. Slíkt er ekki einsdæmi, eins og fjölmörg lagafrumvörp á liðnum árum bera vitni.

Í öllu sameiningarferlinu hefur verið lögð áhersla á atvinnuöryggi starfsmanna. Í því skyni var sumarið 2010 haldinn fundur með starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar voru línur skýrðar varðandi réttindi starfsmanna og kröfur um auglýsingu starfa. Á þeim fundi var okkur m.a.

tjád að ekki væri valkostur að auglýsa stöður stjórnenda eingöngu meðal starfsmanna. Ef auglýst væri þyrfti að auglýsa opinberlega. Í ljósi þess að tryggja ætti öllum starfsmönnum störf og kröfu stjórnvalda um aðhald í rekstri og almennum kröfum um hagræðingu hjá ríkisstofnunum var ákveðið að tilnefna sviðsstjóra úr hópi núverandi starfsmanna, enda eru breytingar á störfum og verksviði starfsmanna leyfilegar skv. 19. gr. laga nr. 70/1996. Tilnefningar í stöður sviðsstjóra eru gerðar með fyrirvara um samþykkt frumvarpsins og ekki hefur verið gengið frá skriflegum ráðningarsamningi. Þeir sem hafa verið tilnefndir starfa því allir á grunni fyrri ráðningarsamninga.

Ef það er vilji löggjafans að auglýsa stöður yfirmanna lausar til umsóknar verður að gera ráð fyrir fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við hugsanlegar nýráðningar.


3. Stjórnarhættir og jafnræði

Starfsmönnum var kunnugt um fyrirhugað val á sviðsstjórum og að þeir yrðu valdir meðal starfsmanna. Viðtöl fóru fram við 11 starfsmenn þ. 16. desember og 18. desember 2010, fjóra frá Landlækniseimbættinu og sjö frá Lýðheilsustöð, þ.m.t. við alla núverandi sviðsstjóra og skrifstofustjóra. Einn starfsmanna lagði fram lífferilsskrá sína en óskaði ekki eftir viðtali og tveir sóttust ekki eftir stjórnunarstöðu þegar samband var haft við þá. Viðtölin fóru fram með reyndum ráðgjafa og allir umsækjendur voru mældir með sömu mælistiku. Þar voru m.a. til skoðunar eftirtalin atriði: (1) *menntun*; (2) *starfsreynsla*; (3) *reynsla af stjórnun/skípuhluti* (m.a. mannaforráð); (4) *reynsla af rannsóknunum/rituðu máli*; (5) *kennsla/framsögn*; og (6) *samskipti*. Matið byggðist einnig á framlögðum gögnum, reynslu af störfum viðkomandi og viðtalinu sjálfu. Fyrirfram gefin forsenda var að tveir sviðsstjórar kæmu frá embætti landlæknis og tveir frá Lýðheilsustöð. Allir sem rætt var við og komu til álita eru vel menntaðir, með fjölbreyttan bakgrunn og hæfir sem stjórnendur.

Þess ber að geta í lokin að forstjóri Lýðheilsustöðvar og landlæknir hafa fundað með framkvæmdastjóra BHM (1. mars 2011) og framkvæmdastjóra og verkefnastjóra kjarasviðs SFR (3. mars 2011) ásamt trúnaðarmönnum. Þar var farið yfir stöðu sameiningarinnar m.t.t. starfsmanna. Ekki var að skilja annað á máli þeirra en að upplýsingar sem þeir fengu við spurningum sínum hefðu verið fullnægjandi og kom m.a. fram að nú væri mikilvægt fyrir starfsfólk að horfa fram á veginn.

Undirritaður er tilbúinn hvenær sem er að hitta þig og/eða heilbrigðisnefnd til að ræða þessi mál frekar, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir

Afrit

Guðbjartur Hannesson, ráðherra
Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytissjóri
Margrét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar
Gerður Helgadóttir, trúnaðarmaður SFR
Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR
Svanhildur Þorsteinsdóttir, trúnaðarmaður FÍN
Maríanna H. Helgadóttir, framkvæmdastjóri FÍN
Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM
Þorbjörg Guðmundsdóttir, trúnaðarmaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
Cecilie Björgvinsdóttir, sviðsstjóri kjar- og réttindasviðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga